

## Stjórnarfundur FFLS

Þriðjudagur 19. janúar 2016

Mættir: Þórhallur Jóhannsson, Ólöf Kristín Sívertsen, Lárus Arnar Sölvason og Tinna Daníelsdóttir.

Umferðaröryggi í Baugshlíð og bílastæðamál við Höfðaberg: Stuttar umræður um stöðu mála varðandi umbætur á umferðaröryggi í Baugshlíð og frágang mála á bílastæði við Höfðaberg. Fulltrúar foreldra í skólaráði hafa tekið málið upp þar og hefur skólaráð sent erindi til bæjaryfirvalda þar sem óskað er eftir umbótum í þessum málum. Í sama erindi var lögð áhersla á að fulltrúar foreldrar ættu á einhvern hátt aðkomu að hópi sem verið er að skipa hjá bænum vegna umferðar- og öryggismála í Baugshlíð. Beðið er eftir svari og næstu skrefum frá bæjaryfirvöldum.

Fyrirhugaður fundur með skólastjóra: Fyrirhugað er að hittast með skólastjóra á næstu dögum. Skólastjóri mun fara yfir eineltisverkefni og ákveðið var að foreldrafélagið óski eftir að ræða almennt um vellíðan barnanna, þ.e. fyrir utan kennslustofuna t.d. í mötuneyti, frímínútum o.s.frv. Skoða hvort og hvernig foreldrafélagið getur komið inn, t.d. í samstarfi við nemendur, og reynt að finna leiðir til að bæta úr þar sem þess þarf og/eða gera gott enn betra.

Verkefni vetrarins: Ákveðið var að halda Páskabingóið annaðhvort laugardaginn þann 12. eða sunnudaginn þann 13. mars. Nánari útfærsla, vinningasöfnun og skipulagning verður kláruð á næsta stjórnarfundum í febrúar. Einnig var ákveðið að skoða að fá höfund handbókarinnar Færni til Framtíðar til að halda fyrirlestur fyrir foreldra. Rætt var að halda þann fyrirlestur sem hluta af fulltrúaráðsfundi í vor og hafa þá þann fund opinn. Ólöf mun hafa samband við Færni til Framtíðar. Einnig var ákveðið að skoða með aðra viðburði fyrir krakkana svo sem Ævar vísindamaður eða Sprengjugengið úr Háskólanum og ræða það á fundinum með skólastjóra.

Foreldrasamkomulag: Rætt var um að foreldrar í nokkrum bekkjum hafa nú þegar innleitt samkomulag og hefur almennt verið jákvæð reynsla og foreldrar ánægðir.

Foreldrar í fleiri bekkjum eru einnig að skoða þetta og skoða þarf hvernig hægt er að virkja fleiri til að kynna sér þetta.

Fulltrúaráðsfundur: Rætt var um að halda opin fulltrúaráðsfund í apríl. Þar yrðu annarsvegar kynning frá Færni til Framtíðar og hinsvegar tillögur til lagabreytinga fyrir foreldrafélagið til að skýra t.d. ferlið við kosningu skólaráðsfulltrúa. Tillögur yrðu settar fram af stjórninni með það að markmiði að ræða þær á fulltrúaráðs fundinum og hafa þær fullmótaðar fyrir næsta aðalfund í haust þar sem þær yrðu lagðar fram til samþykktar eða synjunar. Einnig væri hægt að ræða samhliða á þeim fundi almennt um regluverk og hlutverk foreldrafélagsins.